

Nýtt fangelsi kemur í stað Litla-Hrauns



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Til stendur að reisa nýtt fangelsi, á lóð sem ríkið á, austan við Litla-Hraun. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem haldinn var á Litla-Hrauni á mánudag.

Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra segir að til standi að fjölga rýmum og endurskoða fullnustulög, en eftir ítarlega skoðun á aðstöðunni á Litla-Hrauni, sé niðurstaðan sú að nauðsynlegt sé að ráðast strax í undirbúning byggingar nýs fangelsis sem muni koma í staðinn fyrir aðstöðuna sem nú er á Litla-Hrauni. Áætlaður kostnaður við hið nýja fangelsi hleypur á um sjö milljörðum króna.

Ódýrara að byggja nýtt fangelsi

Rúmir tveir milljarðar úr ríkissjóði voru tryggðir til viðgerða á núverandi húsakosti Litla-Hrauns, en við nánari skoðun á húsinu hafi orðið ljóst að dýrara

væri að gera við Litla-Hraun en að reisa nýtt fangelsi. Ekki er ljóst hvort rífa eigi öll húsin.

„Aðbúnaður á Litla-Hrauni er engangveginn ásattanlegur og þá sérstaklega ekki fyrir fanga sem eru andlega veikir og glíma við aðra sjúkdóma. Í vissum tilfellum eru það menn sem ættu frekar að vera á sjúkrahúsi eða annarri stofnun, en eru í staðinn lokaðir inni á Litla-Hrauni mánuðum saman. Við náum ekki árangri með því að henda fólki á bak við stálhurð,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri.

Guðrún segir að áhersla verði lögð á að reisa nútímalegt fangelsi sem tryggir öryggi bæði fanga og starfsfólks, ekki síst til að bæta aðstöðu fjölskyldna, þá sérstaklega barna. Hún segir að horft verði til uppbyggingarinnar á Hólmsheiði við gerð nýs fangelsis.

HGL

Penninn fær lóð í Vík

Áframhaldandi uppbygging í kortunum



Alexander Adam valinn í landsliðið

Alexander Adam, 17 ára Selfyssingur, var valinn í Íslenska landsliðið í mótorkrossi. Alexander Adam kemur til með að keppa fyrir Íslands hönd í *Motocross of Nations* ásamt þeim Eið Orra Pálmarsyni og Mána Frey Péturssyni. Keppnin fer fram í Frakklandi dagana 6. – 8. október næstkomandi.

„Þarna verður um að ræða uppbyggingu á verslun og fjölbreyttri þjónustu, m.a. bókaúð með ritföng og gjafavöru, bókasafni, skrifstofum og heilsugæslu, sem mun verða góð viðbót fyrir íbúa svæðisins,“ segir Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps í tilkynningu.

Fjöldi umsókna barst um verslunar- og þjónustulóð að Smiðjuvegi 7 í Vík. Úthlutunin var tekin fyrir á fundi og samþykkt sveitarstjórn að úthluta Pennanum ehf. lóðinni.

„Ljóst er að áhuginn er mikill



og það er styrkleikamerki fyrir svæðið að fjárfestar vilji koma að uppbyggingu. Sveitarstjórn ákvað því að hraða skyldi eins og kostur er skipulagsvinnu svo opna megí fleiri verslunar- og þjónustulóðir í Vík. Það er mikilvægur liður í því að styðja

við mikla íbúafjölgun á svæðinu að auka aðgengi að fjölbreyttri þjónustu og það eru spennandi verkefni framundan að skipuleggja svo við getum haldið áfram að vaxa,“ segir Einar að lokum.

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



WWW.ARBORG.IS

Sveitarfélagið Árborg býður upp á MENNINGARMÁNUÐINN OKTÓBER



Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



GÆÐAOLIUR OG GLUSSI

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f/keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)



Bleikur október er framundan

Október mánuður er framundan og er hann oft vel skreyttur bleikum lit í allskyns útfærslum. Bleiki liturinn er táknrænn fyrir árverkni- og fjáröflunaráttak Krabbameinsfélagsins þar sem sjónum er beint að baráttunni gegn krabbameinum hjá konum. Einstaklingar, hóp- og sifellir fleiri fyrirtæki og stofnanir hafa síðustu ár tekið virkan þátt í Bleikum október og sýnt þar með samstöðu og styrk til allra þeirra kvenna og fjölskyldna þeirra sem hafa greinst með krabbamein.

Dagskrá Krabbameinsfélags Árnassýslu í október er fjölbreytt og hvetjum við alla til að nýta sér þá fræðslu og samveru stundir sem boðið er uppá. Dagskrá mánaðarins má finna á Facebook síðu félagsins eða hafa samband við okkur í síma 482 1022 eða á netfangið arnessysla@krabb.is

Bleika boðið er árlegur fjáröflunarviðburður sem félag-

ið heldur í október í samstarfi og með stuðningi fjölmargra fyrirtækja, listamanna og einstaklinga í samfélaginu sem leggja viðburðinum lið með ýmsum hætti. Viðburðurinn stækkar ár frá ári og samhugurinn sem ríkir er með öllu ólýsanlegur. Bleika boðið verður haldið þann 6. október á Hótel Selfossi, fjáröflunin liggur í sölu happdrættismiða en aðgangur að boðinu er frír.

Listakonan Ninný hefur gefið félaginu fallett málverk að gjöf sem er á uppboði til 18. október og rennur söluupphæð óskipt til starfsemi félagsins. Gellery Listasel er í góðu samstarfi við félagið og heldur utan um boð í málverkið sem er til sýnis í gallerýinu.

Fjáröflun er eitt af stóru verkefnum félagsins þar sem öll starfsemi er rekin á styrkjum

og framlögum velunnara. Samvinna og stuðningur samfélagsins er forsenda þess að hægt er að halda úti eins öflugu og sterku félagsstarfi og Krabbameinsfélag Árnassýslu gerir. Bestu þakkir til ykkar allra sem hafa lagt okkur lið.

Okkur í Krabbameinsfélagi Árnassýslu hlakkar til að eiga Bleikan október með ykkur, njóta samveru og stuðnings og beita kröftum okkar til að efla baráttuna gegn krabbameinum og stuðning til þeirra fjölskyldna sem hafa þurft að takast á við þennan illvíga sjúkdóm. Hvetjum alla til þátttöku í að skreyta bæinn bleikan!

Fyrir hönd stjórnar
Krabbameinsfélags Árnassýslu
Svanhildur Ólafsdóttir,
formaður.



„Tónlist er heilsulind sálarinnar“

Hörpukórinn, kór eldri borgara í Árborg er að hefja vetrarstarfið. Æfingar hefjast 4. október kl. 16:00 í Græmumörk

5. Starfið hefur verið öflugt undanfarin ár, meðal annars hefur kórinn sungið við ýmsa viðburði á vegum Félags eldri

borgara á Selfossi, hann hefur haldið vortónleika og tekur þátt kóramótum með fjórum kórum á Suðvesturlandi. Hörpukórinn bauð kórnum heim til söngs síðastliðið vor og heppnaðist samsöngur kóranna með ágætum.

Rúnar Jökull Hjaltason er formaður Hörpukórsins og Stefán Þorleifsson er söngstjóri.

Nýir og eldri félagar eru velkomnir í hópinn.

Stjórn Hörpukórsins



Minning um Jón Gunnar Ottósson

Það er ljómi yfir minningunni um samstarfið og vináttuna við Jón Gunnar Ottósson. Eldhuginn Jón Gunnar var í forystu fyrir nýjum tímum á vinstri vængnum, þar sem hann og Margrét ruddu ásamt félögum brautina að sameiningu flokkanna frá miðju til vinstri.

Þarna ráku hver tímamótin önnur vinstra megin við miðjuna; sigur Reykjavíkurlistans, kjör Margrétar sem formanns Alþýðubandalagsins og stofnun Samfylkingarinnar.

Það voru forréttindi að kynnast og starfa með Jóni Gunnari og Möggu í stjórnmalunum. Eljan, krafturinn og fórnfýsin fyrir málstaðinn átti sér varla takmörk og brann Jón fyrir hugsjónum félagshyggju, náttúruverndar og jöfnuðar.

Við leiðarlok sendi ég fjölskyldu Jóns Gunnars innilegar samúðarkveðjur fyrir hönd allra félaganna í Samfylkingunni í Árborg. Þar var Jón stofnfélagi og söknum við vinar í stað.

Björgvin G. Sigurðsson



BLEIKA 2023 BOÐIÐ

Föstudaginn 6. október á Hótel Selfossi



Gjafapoki fyrir fyrstu
50 karlmennina

Gjafapoki frá
Lindex fyrir fyrstu
100 konurnar

LINDEX



Okkar stærsta hátíð og fjáröflunar viðburður verður haldinn föstudagskvöldið 6. október næstkomandi á Hótel Selfossi.

Nú fyllum við húsið og skemmtum okkur sem aldrei fyrr!

Húsið opnar kl. 19:00 og hefst dagskrá kl. 20:00. Góð tilboð á drykkjum og girnilegar veitingar í boði Tomma Þórodds veitingamanns. Veislustjóri kvöldsins er okkar eini sanni Gabríel Werner.

Verið öll
velkomin
á Bleika
boðið

Happdrættið okkar er glæsilegt að venju og verður enginn svikinn af sínum vinning! Hver miði kostar einungis 2500 krónur og er til svo gríðarlega margs að vinna. Einnig verða glæsileg listaverk, skartgripur og hótulgistingar á uppboði sem vert er að kíkja á og næla sér í.

Okkar hæfileikaríka söngkona Elísa Dagmar tekur á móti gestum með ljúfum tónum frá kl. 19:30 til 20:00.

Tónlistarsnillingarnir Magnús Kjartan og Leifur Viðars mæta á svið og spila gesti út á dansgólfið. Einnig mun Ebba Sig, leikari og uppstandari, stígur á svið með grín og glens.

Athugið að ef um stærri hópa er að ræða, er mögulegt að panta borð fyrirfram með því að senda tölvupóst á arnessysla@krabb.is.

Við hlökkum mikið til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur!

Krabbameinsfélag Árnassýslu



Krabbameinsfélag
Árnassýslu



**BLEIKA
SLAUFAN**

Vestfirskur sálfræðingur hefur störf á Selfossi

Silja Runólfssdóttir hefur tekið til starfa undir Domus Mentis Geðheilsustöð (dmg.is) á Selfossi. Hún hefur aðsetur í Fjölheimum, Tryggvagötu 13, þrjá daga í viku; þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag. „Þar tek ég á móti ungmennum og fullorðnum, sem og íþróttafólki á öllum aldri í sálfræðimeðferð,“ segir Silja í samtali við Dagskrána.

Silja er fædd og uppalin í Bolungarvík og segist stolt vera Vestfirðingur í húð og hár. Hún fluttist þó búferlum frá paradís Vestfjarða til að nema við Menntaskólann að Laugarvatni, þaðan sem hún útskrifaðist árið 2010. „Hvers vegna ML, í rúmlega 500 km fjarlægð frá heima-högum er erfitt að segja, en ég sé svo sannarlega ekki eftir því, enda hefur það fært mér ómetanlegar minningar, vináttu og í seinni tíð óvænt endurkynni og eiginmann,“ segir Silja og brosir sínu breiðasta.

Eftir menntaskóla fór Silja í Háskólann í Reykjavík þar sem hún náði sér í BS-gráðu í sálfræði. „Eftir útskrift fór ég að vinna við sérkennslu í leikskóla á meðan ég skoðaði næstu skref. Samhliða vinnunni sótti ég diplómu í afbrotafærni sem leiddi til þess að ég kláraði MA-gráðu í félagsfræði, þar sem ég gerði rannsókn á viðhorfum til meiðsla og þess að spila



Silja Runólfssdóttir. Ljósmynd: Dagskráin/HGL

meiddur í fótbolta á Íslandi. Ég kem sjálf úr fótboltaumhverfinu og mér hefur alltaf þótt íþróttir áhugavert umhverfi. Árið 2019 útskrifaðist ég svo úr MSc námi í klínískri sálfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Ég flutti svo í Hveragerði árið 2019, með manninum mínum og dóttur í kjölfar þess að maðurinn minn, uppsveitamaðurinn Andri Helgason, opnaði sjúkrahjálfunarstofu þar í bæ,“ bætir Silja við, en síðan þá hafa þau eignast tvö börn til viðbótar og komið sér sérlega vel fyrir í Hveragerði.

Frá útskrift starfaði Silja á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í geðheilsuteymi fullorðinna, sálfræðipjónustu barna, mæðra-vernd, sinnti áfallamálum og sinnti um tíma sálfræðipjónustu

við Fjölbautaskóla Suðurlands á vegum heilsugæslunnar. „Samhliða því vann ég einnig á Domus Mentis Geðheilsustöð og hef haldið fyrirlestra í tengslum við íþróttir, hópnaðskeið og sinnt meðferð við kvíða, þunglyndi, lágu sjálfsmati og áfallastreituröskun. Um þessar mundir er ég að auki að sérhæfa mig í hugrænni atferlismeðferð.“

Ég er ánægð með að bætast í þessa flottu flóru sálfræðinga sem starfa nú á Suðurlandi og að fá að leggja mitt á vogarskálarnar til að mæta aukinni þörf þessarar þjónustu á svæðinu, ég tek glöð á móti ykkur í Fjölheimum,“ segir Silja að lokum. Tímáptanir fara fram í gegnum dmng.is eða í síma 581 1009. HGL

Útifataskiptimarkaður í Selfosskirkju

Nú þegar kólna tekur fara foreldrar að skoða útiföt barnanna sinna. Mörg hver hafa tekið vaxtakipp yfir sumarið og kuldagallinn og úlpan eru kannski orðin alltof lítil. Það getur verið kostnaðarsamt að endurnýja fataskápinn á hverju ári, og víða leynast útiföt sem ekki nýtast lengur á heimilinu.

Næsta sunnudag verður útifata-skiptimarkað fyrir fót í barnastærðum í Selfosskirkju. Þá getur fólk komið með útiföt sem enginn er að nota, og tekið þau útiföt sem þeim vantar. Þetta er þá hvort tveggja í senn umhverfisvænt og hagkvæmt.

Útifataskiptimarkaðurinn er haldinn í samstarfi við Nytjamarkaðinn á Selfossi. Nytjamarkaðurinn lætur kirkjunni í té útiföt sem verða á markaðnum en þau fót sem ekki ganga út fara aftur á Nytjamarkaðinn. Þannig munu fötin nýtast fólkinu í nærsamfélaginu.

Markaðurinn verður í safnaðarheimili kirkjunnar sunnudaginn 1. október, frá kl. 12:00-14:00 og öllum er velkomið að taka þátt.



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Málmblanda sú mögnuð er, mínus einn það blekking er. Beint og hátt þar bjargið er, brýnslutæki hnífa er.

Svar við gátu í blaði 2719: **FLUTTI**



Sunnlenski matgæðingurinn



Sigurður Eyberg Guðlaugsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil byrja á að þakka Eiríki Raphael Elvy kærlega fyrir þessa áskorun og frábæra uppskrift í síðustu viku. Eiríkur er magnaður þegar kemur að eldamennsku en afrek mín í eldhúsinu verða seint skráð á spjöld sögunnar. Ég ætla að töfra fram sunnlenska tómatsúpu sem hentar vel við hvaða tilefni.



Sunnlensk tómatsúpa

10 ferskir sunnlenskir tómatar
3 msk. ólífuolía
30 g smjör
1 stk. laukur
5 stk. hvítlausrif
2 dósir hakkaðir tómatar (um 800 g)
4 greinar ferskt timjan
2 tsk. gróft sjávarsalt
1 tsk. svartur pipar
2 stk. handfylli af ferskri basilíku
250 ml vatn
2 stk. grænmetiskraftur (teningar)
2 msk. sykur
2 dl rjómi

Skref 1

Skerið fersku sunnlensku tómata í tvennt og raðið þeim á ofnplötu með bókunarpappír. Setjið ólífuolíu yfir alla tómata og kryddið með salti og pipar.

Bakið í klukkustund við 180°C.

Skref 2

Setjið smjör í pott, skerið niður

lauk og steikið þar til laukurinn er orðinn ljós gylltur að lit. Skerið niður eða pressið hvítlaukinn, bætið saman við og steikið léttilega.

Setjið tómata úr dós saman við ásamt grófsaxaðri basilíku, fersku timjan, salti og pipar og leyfið suðunni að koma upp.

Setjið vatn saman við ásamt grænmetisteningum og hrærið vel saman.

Látið sjóða í um 10-15 mínútur.

Skref 3

Þegar tómatairnir hafa bakast í ofninum er þeim bætt saman við.

Maukið súpuna með töfrasprota þar til súpan er orðin mjúk og slétt og látið hana sjóða í stutta stund.

Blandið rjóma saman við og hrærið vel.

Gott er að smakka súpuna til og ef til vill salta eða bæta svörtum pipar við ef þarf.

Ég ætla að senda boltann yfir til Búlgaríu á Viðar Örn Kjartansson – knattspyrnumann. Viðar er einstaklega liðtækur í eldhúsinu en síðastliðin 10 ár hefur hann búið erlendis og kynnst fljóbreyttri matargerð. Það verður virkilega spennandi að sjá hvað hann töfrar fram í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyraveg 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Vetrarstarf Söngsveitar Hveragerðis að byrja

Vetrarstarf Söngsveitar Hveragerðis er að byrja og verða opin æfing þriðjudaginn 3. október nk. í Hveragerðiskirkju kl. 19.00.

Söngsveitin er blandaður kór og tekur vel á móti nýjum hress-

um söngfuglum á æfingunni 3. október.

Æfingar eru einu sinni í viku á þriðjudögum kl. 19.00 í safn- aðarheimili Hvergerðiskirkju.

Kórstjóri Söngsveitarinnar er Margrét S. Stefánsdóttir.

Íþróttaskemma í Hveragerði

Allt frá því að Hamarshöllin í Hveragerði skemmdist í óveðri á síðasta ári hefur aðstaða til íþróttaiðkunar verið mjög ábótavant í bænum. Núverandi meirihluti bæjarstjórnar hefur ekki viljað endurreisa mann- virkið í þeirri mynd sem það var áður og hafa horft til ann- arra lausna hvað íþróttaaðstöðu varðar.

Nýjasta útspil meirihlutans er að taka á leigu iðnaðarskemmu og nota sem íþróttamannvirki. Skemman verður staðsett neðan við þjóðveg 1 á svæði sem er skilgreint sem athafnasvæði í skipulagi bæjarins og verður, samkvæmt meirihlutunum, tekin í notkun um næstu áramót. Á skilgreindu athafnasvæði er óheimilt að reisa íþróttamann- virki. Þessa ákvörðun tók meiri- hlutinn á bæjarráðsfundi þann 10. ágúst síðastliðinn án þess að nokkur gögn lægju fyrir í mál- inu. Fulltrúi D-listans greiddi atkvæði á móti þessari tillögu þar sem engar forsendur voru fyrir hendi til þess að hægt væri að mynda sér skoðun á henni og þar fyrir utan blasir við að á til- lögunni má finna ýmsa galla.

Engar upplýsingar um kostnað

Það liggur fyrir að þegar breyta á iðnaðarskemmu í íþróttamann- virki felur það í sér umtalsverðan kostnað. Meirihlutinn hefur ekki ennþá lagt fram nein gögn þar sem kemur fram hver sá kostn- aður er. Einnig er það svolítið á reiki hver það er sem á að bera þann kostnað. Það liggur fyrir, samanber svör meirihlutans á bæjarstjórnarfundum þann 14. september síðastliðinn, að ekki er búið að semja um leiguverð á húsnæðinu þannig að fjárhags- leg óvissa fyrir Hveragerðisbæ er gríðarleg í þessu máli.

Iðnaðarskemma er ekki íþróttamannvirki

Það liggur ljóst fyrir að íþrótt- mannvirki eru mjög sérhæfðar byggingar. Í hönnun þeirra er sérstaklega hugað að þáttum eins og öryggi iðkenda, hljóð- vist, lofttræstingu, kyndingu og lýsingu svo unnt sé að nýta mannvirkin í þá starfsemi sem þeim er ætlað. Meirihlutinn hefur ekki getað svarað því hvernig þau hyggjast tryggja að hönnun skemmunnar sé með þeim hætti að hún komi til með að nýtast sem íþróttamannvirki. Hver man ekki eftir íþróttahúsinu við Gagnheiði á Selfossi? Viðlíka



íþróttahús er einnig að finna á Stokkseyri. Í báðum tilfellum er um að ræða atvinnuhúsnæði sem breytt var í íþróttamann- virki. Þessi húsnæði voru og eru viðkomandi sveitarfélögum ekki til framdráttar.

Tímabundin ráðstöfun?

Það kemur skýrt fram í tillögu meirihlutans að þessi ráðstöfun er til bráðabirgða (3-5 ára). Bæj- arfulltrúar D-listans setja stórt spurningarmerki við þær fyrir- ætlanir þar sem það liggur fyrir að fjárfestingin í þessu húsnæði er gríðarleg og það liggur í aug- um uppi að innviði byggingar- innar verður erfitt að endurnýta. Það verður að teljast hæpið að Hveragerðisbær sé tilbúinn að láta þessa fjárfestingu fjúka út í veður og vind eftir 3-5 ár.

Áhyggjur af öryggi notenda

Bæjarfulltrúar D-listans hafa miklar áhyggjur af öryggi barna sem munu koma til með að vera notendur skemmunnar. Það liggur fyrir að börnum verður ekið niður fyrir veg líkt og þegar þeim var ekið í Hamars- höllinna meðan hún stóð en það liggur einnig fyrir að mörg börn munu koma til með að ferðast niður fyrir veg gangandi, á reið- hjólum, á rafmagnsvespum eða hlaupahjólum. Hveragerðisbær yrði í samvinnu við Vegagerðina að kanna hvort og þá hvernig hægt sé að tryggja öryggi barna sem ferðast í skemmuna. Meiri- hlutinn hefur sagt varðandi ör- yggismál að það standi til að setja upp gangbraut yfir þjóðveg 1, þær fyrirætlunir eru órar og yrði beinlínis hættulegt fyrir- komulag.

Það hlýtur að vera öllum ljóst að þessar hugmyndir eru algjört glapræði hvort sem litid er til þess að staðsetningin sé fyrir neðan þjóðveg á skilgreindu athafnasvæði eða það að leigja íþróttahús til 3-5 ára með til- heyrandi kostnaði fyrir sveitar- félagið.

Eitt er víst að farsinn um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hveragerði heldur áfram undir leikstjórn Okkar Hveragerðis og Framsóknar.

Lífræn ræktun og framleiðsla – horft fram á veginn

Sólheimar í Grímsnesi hafa Sbeitt sér fyrir lífrænni rækt- un frá upphafi starfseminnar árið 1930.

Efnt verður til málþings um lífræna ræktun og framleiðslu í Vigdísarhúsi, Sólheimum, 6. október næstkomandi. Stíga þar á stökk bæði vísindamenn á sviði ræktunar, lífrænir bændur og ræktendur sem fjalla um helstu álitæfni lífrænnar rækt- unar í dag frá mörgum hliðum. Að auki verður kynnt skýrsla Environice um stöðu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og til- lögur til stjórnvalda.

Meðal þeirra sem flytja erindi verða Dr. Ólafur R. Dýr- mundsson, Kristján Oddsson, mjólkurframleiðandi á Hálsi í Kjós, Þórður G. Halldór- son fyrrverandi garðyrkju- bóndi á Akri í Laugarási, Erla H. Gunnarsdóttir verkefna- stjóri Lífrænt Ísland, Sævar



Ó. Ólafsson Samkaupum og Stefán Gíslason framkvæmda- stjóri Environice.

Málþingið stendur frá kl. 11:00 – 16:00 föstudaginn 6. október. Boðið verður upp á léttan hádegisverð. Eftir þingið verður staðarleiðsögn í boði. Fundarstjóri verður Kristinn

Ólafsson framkvæmdastjóri Sólheima. Aðgangur er ókeypis og öllum opin. Sætafjöldi er takmarkaður og því nauð- synlegt að skrá þátttöku á vef Sólheima: www.solheimar.is.

Dagskrá og frekari upp- lýsingar um málþingið eru á vefsíðunni.

Sirius

Rjómasúkkulaði

...fyrir hið ljúfa líf

15% MEIRA

HÁDEGISMATUR

FÆR ÞINN VINNUSTAÐUR HEITANN MAT Í HÁDEGINU?

VISSIR ÞÚ AÐ KJÖTBÚRIÐ KEYRIR HEITANN HÁDEGISMAT TIL FYRIRTÆKJA ALLA VIRKA DAGA?

Í OKTÓBER MUNUM VIÐ BJÓÐA UPP Á KYNNINGARVERÐ Á HÁDEGISMAT. EF ÞINN VINNUSTAÐUR VILL GÓÐANN OG FJÖLBREYTTANN HEIMILISMAT Í HÁDEGINU EKKI HIKA VIÐ AÐ HAFA SAMBAND.

SÍMI 419-3600
EMAIL: KJOTBURID@KJOTBURID.IS

KJÖTBÚRIÐ



Áhugavert að sjá samfélagið í gegnum linsu bókmennta

segir lestrarhesturinn Karen Anna Björnsdóttir



Karen Anna Björnsdóttir er 27 ára gömul og er alin upp í Þorlákshöfn en býr nú á Selfossi með eiginkonu sinni. Um þessar mundir vinnur hún í fiskbúð hliðstætt skóla, en hún hefur alltaf verið með listina í fararbroddi og er fyrst og fremst myndlistarkona. Einnig semur hún tónlist og skrifar þegar henni gefst tími til. Karen er mikill tónlistarunnandi og hefur auk þess ávallt haft áhuga á bókmenntum. Hana hefur lengi dreymt um að gefa út sína eigin skáldsögu, þó að hennar helsti draumur sé að verða atvinnu-listamaður.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Um þessar mundir er ég að lesa Do Androids Dream of Electric Sheep? eftir Philip K. Dick. Ég hef upp á síðkastið verið að sækja meira og meira í klassískar bókmenntir og er Do Androids Dream talin vera undanfari cyberpunk hreyfingarinnar, sem ég hef mikinn áhuga á. Einnig hef ég gaman af því að lesa bækur sem bíómyndir hafa verið byggðar á og varð ég fremur ástfangin af myndinni Blade Runner fyrir á þessu ári og vildi grafa dýpra í uppruna hennar.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Ég hef áhuga á alls konar skáldskap, en ber mikla ást til fantasíu, vísindaskáldskapar, hryllings- og gotneskra bókmennta. Ég hef einnig áhuga á þungum bókmenntum sem eru almennt þéttar og erfiðar í lestri. Mér

finnst afar áhugavert að sjá samfélagið í gegnum linsu bókmennta þar sem það getur gefið innsýn inn í atburði sem voru að eiga sér stað þegar bókinn var skrifuð og hvað höfundinum fannst um það. Í heildina vil ég lesa eins mikið af mismunandi bókum og ég get, en hjartað mun alltaf vafra aftur til fantasíustefnunnar.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Foreldrar mínir lásu oft fyrir mig þegar ég var barn. Ég lærði snemma að lesa og las rosalega mikið þegar ég var yngri. Áhugi minn á myndasögum kviknaði snemma með Andrésar Sýrþunum og ég var fljótt heltekin af bókum eins og Harry Potter og Eragon seríunni. Ég man vel eftir því að hafa fengið Hringadróttinssögu lánaða frá föður vinkonu minnar þegar ég var um ellefu ára og var ekki lengi með þær, enda var ég límd við síður þriggja bókanna frá byrjun til enda.

Segðu frá lestrarvenjum þínum.

Ég hlusta frekar mikið á hljóðbækur þessa dagana, en reyni að stunda hefðbundin lestur þegar ég hef tíma til. Oftast þegar ég er að lesa á hefðbundin hátt er ég einnig með tónlist í eyrunum þar sem það hjálpar mér með einbeitingu. Það er mismunandi hversu lengi ég les í senn. Allt frá tíu mínútum upp í nokkra klukkutíma. Ég les ekki oft af pappír þessa dagana og nota símann minn mikið til þess að lesa á meðan ég er úti og tölvuna mína þegar ég er heima þar sem það er auðveldara að nálgast hlutina í rafrænu formi í dag. En það stoppar mig ekki frá því að vera með fullan bókaskáp af alls konar bókum.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfunda?

Fyrir nokkrum árum las ég bók-

ina Neuromancer eftir William Gibson og varð svo ástfangin af henni að ég las báðar framhaldsbækurnar í Sprawl þríleiknum og hefur Gibson náð festu sem uppáhaldshöfundurinn minn eftir það. Innihald sögunnar, undirtónar heimsins, persónurnar og þéttur ritstíll Gibson heilladi mig upp úr skónum. Ég hef það sem nokkurskonar óskrið að markmið að fá annað fólk til þess að lesa þessar bækur og mæli ávallt með því að fólk lesi að minnsta kosti fyrstu setninguna úr Neuromancer því hún er heillandi frá fyrstu síðu.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Algjörlega. Ég man að þegar ég las fyrstu Artemis Fowl bókina sem unglingur þá slepti ég henni varla fyrir en ég var búin með hana. Þegar ég var yngri las ég oft fyrir svefninn og átti auðvelt með að tapa tímanum. Eins og með hverja góða sögu - hvort sem hún er bók eða ekki - þá á ég erfitt með að leggja hana frá mér þegar eitt-hvað spennandi gerist í henni, sama þó að maður þurfi að vakna snemma í fyrramálið.

En að lokum Karen, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rit-höfundur?

Ég myndi vilja skrifa bækur sem fara bæði djúpt í að kanna persónur sínar og eru samfélagsgagnrýnar á einn eða annan hátt. Bækur eru auðvitað ein af bestu leiðum sem mannkynið hefur til þess að koma hugmyndum sínum til skila. Bókin sem mig dreymir um að gefa út er einmitt gagnrýni á ófgakapítalísma og neyðslusamfélag á sama tíma og hún er spennandi ævintýri í gegnum framtíðarborg. Ég veit ekki alveg hvenær ég mun ná að gefa hana út en vonandi áður en ég verð orðin gömul og grá.

JÖZ



Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com

ERTU MEÐ FRÁBÆRA HUGMYND?

UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS óskar eftir umsóknum í sjóðinn



KYNNTU ÞÉR ÁHERSLUR OG ÚTHLUTUNARREGLUR



UMSÓKNARFRESTUR
ÞRIÐJUDAGINN
3. OKT KL. 16:00



SASS.IS



SÖKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is





ÖLVERK

BJÓRHÁTÍÐ

6. - 7. okt 2023

Miðasala á **tix.is**

TAKMARKAÐ MIÐAFRAMBOÐ

20 ára aldurstakmark

Föstudaginn 6. október frá kl 17:00 til 01:00

Laugardaginn 7. október frá kl 16:00 til 01:00

Nánari upplýsingar og tímasetningar er á finna á Facebook viðburði hátíðarinnar og á www.olverk.is.

    #olverkbrugghus



GRUGG & MAKK



LADY
BREWERY



Baldi



MALBYGG
BRUGGHÚS



GALDUR
BRUGGHÚS



AGLA GOSGERD



VÍKING
BRUGGHÚS



ICELANDIC
GLACIAL



64°
REYKJAVÍK
DISTILLERY



ÖLVERK

PRETTYBOITJOKKO



FM BELFAST (DJ SETT)



EMMSJÉ GAUTI



GULLFOSS&GEYSIR



DJ ATLI KANILL



Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2023

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnættis mánudagsins 9. október nk. og þær skal senda á netfangið: menningarverðlaun@sass.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

Aðalfundur styrktarfélags klúbbsins Stróks verður mánudaginn. 9. október að Skólavöllum 1, Selfossi, klukkan 17:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Fundurinn er öllum opin og hvetur stjórnin fólk til að mæta og kynna sér málefni Klúbbsins Stróks.

Stjórnin



Nýr leikvöllur og sleðabrekka á Borg

Fyrir í sumar var nýr leikvöllur settur upp við Hraunbraut á Borg í Grímsnesi. Settur var upp fjöldi nýrra leiktækja, sem dæmi má nefna rólur, klifurgrind og rennibraut en það er nýja aparólan sem skapar fram úr meðal krakkanna.

Framkvæmd leikvallarins var samstarf Fossvéla, Grjót-gás og Jóhanns Helga & Co. en það var Hermann Ólafsson, landslagsarkitekt hjá Landhönnun, sem hannaði hann og í tilkynningu frá Grímsnes- og Grafningshreppi sendir sveitarfélagið þakkið fyrir vönduð vinnubrögð til allra sem komu að verkinu.

Íbúar í hreppnum létu

síðan hendur standa fram úr ermum í vikunni þegar ný sleðabrekka var þökulögð, en sleðabrekkan var síðasti áfangi framkvæmdanna. Þau sem mættu unnu rösklega, kláruðu verkið á tveimur klukkustundum og gæddu sér svo á pylsum í hjálparveitarhúsinu að vinnu lokinni.

Börn og fullorðnir hjálpuðust að enda börnin spennit fyrir því að geta nýtt brekkuna þegar snjóar í vetur.

Verkið er hluti af fjölda spennandi verkefna við opin svæði á Borg í Grímsnesi sem haldið verður áfram næstu ár. Leikvöllurinn er frábær viðbót við Borgarsvæðið og er hann opin öllum.

Uppbygging á Litla Hrauni

Í upphafi vikunnar kynnti ég áform um stórtækar umbætur í fangelsismálum, með uppbyggingu nýs fangelsis á Litla Hrauni, fjölgun rýma á Sogni og endurskoðun fullnustulaga.

Fangelsið á Litla Hrauni er fyrir löngu orðið barn síns tíma enda komið til ára sinna, tekið í notkun árið 1929. Fyrsta húsið sem var byggt var teiknað af Guðjóni Samúelssyni og stóð til að það yrði sjúkrahús fyrir Sunnlandinga. Það varð ekki raunin heldur keypti ríkið jörðina og allar götur síðan hefur Litla Hraun verið stærsta fangelsi Íslands og sinnt mikilvægu hlutverki innan fullnustukerfisins.

Síðasta vetur ákvað Alþingi að setja rúma tvo milljarða í endurbætur á Litla Hrauni. Við nánari skoðun var ljóst að ekki svári kostnaði að setja svo mikið fé í húsakostinn og að vandlega íhuguðu máli var talið skynsamlegra að byggja nýtt fangelsi frá grunni við hlið núverandi fangelsis.

Við uppbyggingu nýs fangelsis verður byggt á nútímaþekkingu á sviði betrunar og öryggismála, með hagsmunum fanga, starfsmanna og fjölskyldna fanga í huga. Mikil áhersla verður lögð á bætt öryggi, ekki síst fanga og starfsfólks fangelsa en jafnframt á bættan aðbúnað heimsóknargesta, þar sem gætt verður sérstaklega að þörfum barna.

Eru þetta mestu umbætur í fangelsismálum frá því Hólmsheiði var byggð og með nýju

fangelsi munum við færa alla aðstöðu í nútímalegt horf þar sem áhersla verður á að tryggja öryggi fanga og alls starfsfólks sem starfar á Litla Hrauni. Tryggt verður að nauðsynlegar endurbætur verði gerðar á Litla Hrauni á byggingartíma nýs fangelsis enda er stefnt að því að full starfsemi verði í fangelsinu á meðan á byggingartíma stendur.

Eins og staðan er í dag er ekki mögulegt að skipta fanga-hópum á Litla Hrauni upp með fullnægjandi hætti og getur það og hefur skapað mikla hættu auk þess sem ómögulegt er að hindra streymi fíkniefna og annarra ólögmaetra muna inn í fangelsið. Einnig er vinnuumhverfi allra starfsmanna óviðunandi og mikilvægt að bæta það. Þá þarf fangelsisumhverfi að vera þannig að uppbyggilegt endurhæfingarstarf í samræmi við betrunarsjónarmið sé mögulegt. Því miður er það ekki raunin á Litla Hrauni.

Saga betrunar á Litla Hrauni fer að nálgast hundrað ár. Sú starfsemi sem hefur farið fram á Litla Hrauni hefur gengið af skaplega vel og verið í mikilli sátt nærsamfélags fangelsisins. Brýnt er að fara í uppbyggingu á nýju húsnæði þannig að fangelsið standi undir nafni sem nútímalegt fangelsi þar sem öryggi allra er tryggt.

Af sama tilefni tilkynnti ég um stækkun á Sogni en þar munum við fjölga plássum um 14 á næstu mánuðum. Með þessu erum við meðal annars



Guðrún Hafsteinsdóttir

að bregðast við ábendingum frá umboðsmanni Alþingis. Í nýlegri skýrslu kom fram að staða kvenna í íslenskum fangelsum væri lakari en staða karla. Með breytingum á Sogni er verið að bæta stöðu kvenna í fangelsum og auka möguleika þeirra á að afplána í viðeigandi aðstæðum og með sambærilega möguleika til vistunar og karlar.

Samhliða umbótum á innviðum fangelsiskerfisins verður farið í endurskoðun fullnustulaga með áherslu á betrun og nútímalega nálgun. Þá er umrædd endurskoðun tímabær í ljósi reynslu síðustu ára og aðfinslna eftirlitsstofnana þingsins og alþjóðlegra eftirlitsstofnana.

Þetta eru stórtíðindi fyrir íslenskt samfélag. Markmið okkar er að byggja upp fangelsi og fullnustukerfi sem sámir nútímaþjóðfélagi, með bætt öryggi og aðstöðu til betrunar að leiðarljósi.

Vel heppnuð haustferð í Ölfus

Fimmtudaginn 21. september brá starfsfólk Matís undir sig betri fætinum og skellti sér í haustferð austur fyrir fjall.

„Dagurinn var sólríkur og falllegur og Ölfus skartaði sínu fegursta. Fyrsti viðkomustaður hópsins var Ráðhús Ölfuss í Þorlákshöfn. Þar tóku þau Kolbrún Hrafnkelsdóttir og Rúnar Þórarinnsson vel á móti okkur með kaffi og kleinum og kynntu fyrir hópnum Ölfus Cluster, Grænan iðngarð, starfsemi First Water og Jarðlífs og fleiri spennandi þætti sem eru í gangi í þessu ört vaxandi sveitarfélagi. Óhætt er að segja að af nógu hafi verið að taka,“ segir Ísey

Dísa Hávarsdóttir, sérfræðingur í miðlun hjá Matís.

Eftir kynninguna var haldið í vettvangsferð um svæði First Water en það er lokuð landeldisstöð sem er í hraðri uppbyggingu um þessar mundir. „Það var tilkomumikið að ganga um svæðið sem er gríðarstórt og fullt af möguleikum. Rúnar leiðsagði hópnum og sýndi hvernig uppbyggingin hefur verið undanfarna mánuði og hverjar áætlanirnar eru fyrir næstu misseri,“ bætir Ísey við.

Eftir gönguferð um svæðið var stoppað á veitingastaðnum Hafinu Bláa sem staðsett er við Ósa Ölfusár milli Eyrarbakka og

Þorlákshafnar. „Þar var dýrindis humarsúpa og nýbakað brauð borið á borð og hópurinn gat notið útsýnisins og veðurbliðunnar á þessum skemmtilega stað,“ segir Ísey.

Þaðan lá leiðin upp á Hellisheiði, í húsakynni Orku Náttúrunnar og VAXA. „Kristinn Hafliðason eða Kiddi í VAXA eins og hann er gjarnan kallaður sagði frá uppbyggingu og starfsemi fyrirtækisins sem endurnýtir vatn og orku frá Hellisheiðarvirkjun til þess að rækta örþörungum og framleiða úr þeim sjálfbær matvæli. Hópurinn fékk að ganga um framleiðslusalinn sem er afar skemmtileg upplifun vegna þess að allt svæðið er baðað fjölbáðu ljósi sem örþörungarnir þrífast vel í. Hópurinn endaði svo daginn á því að fá sér kaffisopa á Hellisheiði og halda aftur sem leið lá til Reykjavíkur. Starfsfólk Matís vill koma á framfæri þökkum fyrir frábærar móttökur í Ölfusi,“ segir Ísey að lokum.



Öldungaráð verkfræðinga heimsótti Sigfús Kristinsson

Á dögunum voru á ferð í nýja miðbænum á Selfossi Öldungadeild verkfræðinga. Þeir gengu um hinn nýja miðbæ undir leiðsögn Guðna Ágústssonar og þótti þeim vel hafa tekist til, þekktu til hinna endurbýggðu húsa.

Eftir gönguna fóru þeir í garðinn hjá Sigfúsi Kristinsyni, staðarsmið Selfoss, en hinn aldni höfðingi tók á móti þeim ásamt Aldísi dóttur sinni og Benedikt dóttursyni, en þrjú af börnum Sigfúsar og Sólveigar Þórðardóttur eru verkfræðingar og Benedikt er við nám í Bandaríkjunum. Verkfræðingunum þótti Fagribær Sigfúsar reisulegur og setja svip á Selfoss.

Sigfús tók við af föður sínum Kristni Vigfússyni, sem vann náið með Agli Thorarensen, en Sigfús hefur byggt fleiri hundr-

uðir húsa í áratugi og allar stærstu byggingarnar á Selfossi, eins og Sjúkrahús Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurlands

svo eitthvað sé nefnt. Enn smíðar Sigfús og sagt er að hann hafi haldið á hamrinum í 85 ár.



Ljósmynd: Sigfús Kristinsson, Andrés Svanbergsson, Benedikt Fadel, Aldís Sigfúsdóttir, Magnús Bjarnason og Pétur Stefánsson.

Tónleikar á Höfn

Frábærar móttökur á Höfn
Sinfóníuhljómsveit Suðurlands hélt sína fyrstu óperutónleika á Höfn á sunnudagskvöldið. Aðalsöngvari tónleikanna var Alexander Jarl Þorsteinsson tenór en auk hans kom fram sópransöngkonan Monica Iusco og Kvinnakór Hornafjarðar. Hljómsveit, einsöngvurum, kór og hljómsveitarstjóra var fagnað innilega með standandi lófataki og óskum um fleiri heimsóknir hljómsveitarinnar. Á mánudagsmorguninn voru svo skólatónleikar fyrir 120 nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar sem einnig voru sérlega ánægjulegir.

Eldheimar á föstudagskvöld
Föstudaginn 29. september verður svo haldið til Vestmannaeyja og án efa eiga Vestmannaeyingar eftir að fagna sínum manni en Alexander Jarl

er alinn upp í Vestmannaeyjum og átti sér þann draum sem lítill strákur að mæta einn daginn til Eyja ásamt sinfónískri hljómsveit og syngja fyrir sitt fólk. Nú er sá draumur að rætast. Tónleikarnir í Vestmannaeyjum verða í Eldheimum kl. 19.00 og efnisskráin er sú sama og á Höfn en á tónleikum í Eyjum mun Kvinnakór Vestmannaeyja koma fram með hljómsveitinni.

Selfoskirkja á laugardag
Þriðju og síðustu óperutónleikar hljómsveitarinnar að sinni verða í Selfoskirkju laugardaginn 30. september klukkan 17.00. Einsöngvarar eru sem áður Alexander Jarl og Monica Iusco og einnig koma fram konur úr Kvinnakór Hornafjarðar, Kvinnakór Vestmannaeyja og Kammerkór Norðurlands.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

1. Hagi 2 L166551; Náma og aðkoma; Aðalskipulagsbreyting - 2306043

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. september 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á námusvæði í landi Hagi 2, L166551. Með breytingunni verður skilgreint 1,5 ha efnistökusvæði þar sem heimilt er að vinna allt að 45 þús. m³ af efni. Markmið með breytingunni er að heimila meiri efnistöku en getur fallið undir að vera til eigin nota og því er skilgreint efnistökusvæði.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

2. Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2209025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2023 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla. Í breytingunni felst breyting á landnotkun á um 10 ha svæði úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða hefur verið samþykkt breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Skipulagsstofnun samþykkti að málið væri auglýst með afgreiðslubréfi dags. 18. september 2023 þar sem fram koma nokkrar athugasemdir. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er auglýst með gögnum málsins.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

3. Miðborgir í landi Miðengis; Byggingarmagn, breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2309006

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. september 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar vegna Miðborga í landi Miðengis. Í breytingunni felst aukning á byggingarheimildum innan svæðisins og niðurfelling hámarksstærðar gestahúsa.

4. Lækjarbakki 13 L205931; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting - 2308051

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. september 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur breytinga á byggingarskilmálum innan frístundasvæðis í landi Búrfells 1, svæði 1. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni innan lóða sem taka til frístundahús og aukahúsa á lóð.

5. Krækishólar; Frístundasvæði í íbúðarsvæði; Deiliskipulagsbreyting - 2209023

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis við Krækishóla. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla sem er auglýst samhliða.

Samkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda.

6. Hvammsvirkjun; Vatnsaflsvirkjun í Þjórsá; Framkvæmdaleyfi - 2301011

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. júní 2023 útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Hvammsvirkjunar, vatnsaflsvirkjunar í Þjórsá. Sveitarstjórn telur framkvæmdina í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð og álit Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 4 atkvæðum framlagða umsókn um framkvæmdaleyfi á grundvelli heimilda aðalskipulags, gildandi deiliskipulags, umhverfismats framkvæmdarinnar og með vísan til framlagðrar greinargerðar sem unnin er í sameiningu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing Ytra. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir greinargerðina sem umsögn sína um umsóknina. Framkvæmdaleyfið verði gefið út með þeim skilyrðum sem fram koma í skipulagi, úrskurði og áliti Skipulagsstofnunar og annarra stofnanna og leyfisveitenda og gerð er nánar grein fyrir í framlagðri greinargerð, varðandi mótvægisáðgerðir, vöktun, frágang vegna framkvæmdarinnar o.fl. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði eftirlitsnefnd í samráði við framkvæmdaaðila og aðra leyfisveitendur. Eftirlitsnefndin mun hafa eftirlit með því að öllum skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Eftirlitsnefndin hefur, ásamt skipulagsfulltrúa, eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við skipulag, leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum skv. 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin mun skila af sér skýrslu um framkvæmd eftirlitsins við lok hvers áfanga framkvæmdarinnar. Sé settum skilyrðum ekki framfylgt, ásigkomulag, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar eða eigin eftirlit framkvæmdaaðila ábótavant eða stafi af henni hætta skal eftirlitsnefndin gera sveitarstjórnnum grein fyrir frávikum og tilkynna framkvæmdaaðila skriflega um frávík og kröfur til úrbóta.

Framkvæmdaleyfið var gefið út þann 28.9.2023. Útgáfa leyfisins er kærnanleg til úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur 4 vikur frá útgáfu leyfisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 28. september 2023 með athugasemdafrest til og með 20. október 2023.

Mál 2, 3, 4 og 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 28. september 2023 með athugasemdafrest til og með 10. nóvember 2023.

Mál 6 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

ÞJÓNUSTA

GRUNNSTOÐIR

- HEITGALVANISERAD ÚRVALSSTÁL
- FASTUR KOSTNAÐUR
- HENTUR FYRIR HVERSKYNS JARÐVEG
- MIÐIÐ ÚRVAL TILBÚNA FESTINGA
- 30 ÁRA REYNSLA

ECO HELIX PRO

HÚSGRUNNAR TILBÚNIR Á EINUM DEGI

ENGINN JARÐVEGSVINNA
ENGINN BIÐTÍMI
SPARIÐ TÍMA OG PENINGA

866 4788 - 866 7500
GRUNNSTOÐIR.IS

Kolbrún tekur við nýrri stöðu í þekkingarsetrinu Ölfus Cluster

Kolbrún Hrafnkelsdóttir hefur verið ráðin til að leiða uppbyggingu græns iðngarðs í Ölfusi. Starfið byggir á samstarfsneti fyrirtækja á svæðinu þar sem skipst er á orku og hráefnum í anda nýsköpunar, loftslagsmála og orkuskipta. Verkefnið er styrkt af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Ellíði Vignisson stjórnarformaður Ölfus Cluster segir að Kolbrún mun gegna lykilhlutverki í að koma á fót þessum iðngörðum ásamt því að vinna með þeim fyrirtækjum sem eru þegar innan sveitafélagsins og starfa með þessi gildi að leiðarljósi. „Mikil atvinnuuppbygging hefur átt sér stað í Ölfusi að undanförmu og fyrirhugaðar eru fjárfestingar fyrir tvö til þrjú hundruð milljarða á næstu 5 til 7 árum á svæðinu. Grænn iðngarður er hugsaður sem hvari til að auðveld fyrirtækjum sem byggja á grænum gildum hringrásarhagkerfis og loftslagsáskóningu að koma hugmyndum sínum í farveg.“

Kolbrún er reyndur stjórn-

andi með yfirgripsmikla þekkingu á sviði viðskiptaþróunar, fjármögnunar og reksturs. Hún hefur undanfarin 20 ár unnið á alþjóðlegum vettvangi bæði sem stjórnandi í lyfjaiðnaðinum og sem stofnandi lyfjafyrirtækisins Florealis. „Það er virkilega spennandi tækifæri að fá að koma að þessari uppbyggingu. Sterk sjálfbær atvinnuuppbygging er grunnur áframhaldandi hagsældar og góðs mannlífs svæðisins. Efling hringrásarhagkerfisins til að draga úr soun og stuðla á verðmætasköpun með skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda er lykilforsenda“ segir Kolbrún.

Kolbrún hefur setið í stjórn um fjölda félaga, samtaka og nefnda og tekið virkan þátt í mótun nýsköpunar- og atvinnu-umhverfisins á undanförmum árum. „Ölfus byggir á sterkum grunni landbúnaðar og sjávarútvegs, þar hefur átt sér stað öflug atvinnuuppbygging og nýsköpun undanfarin ár. Vaxtarmöguleikar á svæðinu eru miklir, sérstaklega ef litið er til ná-



lægar við stærstu byggðarkjarna landsins, góðs landsvæðis og hagstæðrar legu hafnarinnar. Ég er fædd og uppalin í Ölfusi og finnst mjög spennandi að fá tækifæri til að vinna að frekari framþróun og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.“

Páll Marvin Jónsson framkvæmdastjóri Ölfus Cluster segir Kolbrúnu vera frumkvöðul með sterka tengingu við samfélagið hér í Ölfusi. Uppruni hennar, menntun og sú reynsla sem hún býr yfir úr viðskiptalífínu bæði hér innanlands og á alþjóða vettvangi mun nýtast vel í þeirri vinnu sem er fram undan.

KIRKJA

Selfosskirkja

Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 1. október kl. 11:00. Dúkk- og bangsablessun, krakkar hvött til að koma með dúkkuna sína eða bangsann. Barna- og Unglingakórinn syngur og leiðir söng. Hefðbundinn sunnudagaskóli fellur niður. Eftir athöfnina verður boðið upp á hressingu og útifatafskiptimarkaður verður í Safnaðarheimilinu milli kl. 12-14.

Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Minnunum á frábært barnastarf. Nánar á selfosskirkja.is.

Stokkseyrarkirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 1. október kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Guðbjörg Arnardóttir. Messukaffi í Safnaðarheimilinu eftir messuna.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Prestsþjónusta sinnir sr. Axel Á Njarðvík og Jón Bjarnason er organisti. Verðið öll velkomnir.

Hveragerðiskirkja

Messa sunnudaginn 1. okt. kl. 11.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður þann 30. sept kl. 11-12 að Eyra-vegi 15. Komið og spjallið saman yfir nýbók- uðum vöflum og kaffi

Allir velkomnir.

Ölfus stofnar Títan

Fyrr í haust stofnaði Sveitarfélagið Ölfus Orkufélagið Títan ehf.

Félagið er rekstrarfélag og er tilgangur þess orkurannsóknir, orkuvinnsla og rekstur hitaveitu í þágu Sveitarfélagsins Ölfus og annarra sveitarfélaga og hagaðila á áhrifasvæði þess og rekstur tengdra mannvirkja.

Í stjórn félagsins náðu kjöri: Grétar Ingi Erlandsson sem jafnframt var kosinn formaður stjórnar og meðstjórnendur Sandra Dís Hafþórsdóttir, Kristín Magnúsdóttir. Í varastjórn voru kosin Hrönn Guðmundsdóttir og Gestur Þór Kristjánsson. Jafnframt var Ellíði Vignisson ráðinn framkvæmdastjóri með prókúru.

„Aðgengi að orku er að verða ein helsta ógn verðmætasköpunar á Íslandi og mikilvægt að allir leggist á eitt til að hreyfa við málum. Það verður ekki við það búið að hér takmarkist verðmætasköpun af því að ekki sé nægt aðgengi að orku. Sveitarfélagið Ölfus er eitt orkuríkasta svæði á Íslandi með fjölmarga kosti til nýtingar. Við höfum sótt fast fram á forsendum framleiðslu á umhverfisvænum matvælum og fl. og berum því ábyrgð á því að innviðir eins og aðgengi að orku verði tryggðir. Hlutverk félagsins verður fyrst og fremst að koma fram í þessum málum fyrir hönd Sveitarfélagsins Ölfus og þá eftir atvikum í samstarfi við orkufyrirtæki með aðgengi að þekkingu, tækjum og fjármagni. Þannig er það ekki séð sem hlutverk félagsins að standa í áhætturekstri



ÖLFUS

heldur að leita samstarfs sem tryggir íbúum verðmætasköpun og velferð,“ segir Ellíði Vignisson, framkvæmdastjóri Títan.

„Með stofnun Títan hyggjumst við beita okkur enn fastar en áður fyrir nýtingu orkukosta innan Sveitarfélagsins Ölfus í þeim tilgangi að tryggja íbúum og fyrirtækjum aðgengi að orku. Í þessu samhengi horfum við meðal annars til nýtingar á Ölkelduhálsi með möguleika á skáborun undir Reykjadal, Grændal og Gufudal, þá er þekkt aðgengi að orku í Ölfusdal, við Hlíðardalsskóla og víðar innan Sveitarfélagsins. Við höfum á seinustu árum verið of miklir áhorfendur í orkumálum og til að mynda séð sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu byggja upp stærsta jarðorkuver í heimi hér í Ölfusi. Svo magnað sem það er þá nýtist þessi mikla orka sem þar er unnin ekki fyrir fyrirtæki hér á svæðinu heldur er hver einasti dropi nýttur á höfuðborgarsvæðinu auk smáræðis innan lóðar þeirra á Hellisheiði. Þessu ætlum við að breyta með því að stíga sjálf fram í þessum málum,“ segir Grétar Ingi Erlandsson stjórnarformaður.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Skrifstofa Félags eldri- borgara á Selfossi verður opin fimmtudaginn 28. september kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn
28. september kl. 14:45.
Kaffi og kökur kr. 1.500.

Fimmvörðuháls er mögnuð kennslustofa

Þriðjudaginn 5. september lagði vaskur 24 manna nemendahópur ásamt þremur kennurum af stað með rútu að Skógum undir Eyjafjöllum með það markmið í farteskinu að ganga yfir Fimmvörðuháls. Gangan er verkefni áfangans ÍPRÓ2JF02 sem kenndur er á hverri önn við FSu. Lagt var af stað frá Skógum, gengið meðfram Skógá og öllum þeim fjölmörgu fossum sem leynast í ánni. Frá brúnni yfir Skógá var komið í Baldvinskála. Þaðan farið milli jökla yfir hinn eiginlega Fimmvörðuháls sem er í rúmlega 1000 metra hæð. Á þessum kafla sést vel hve jöklarnir hafa hopað og þar sem áður voru snjófannir eru nú komnir djúpir dalir og íshröngl.

Áfram var haldið upp á gíginn Magna sem einnig er í rúmlega 1000m hæð og þaðan fengum við góða sýn yfir hraunbreiðuna og fjöllin í kring. Frá Magna lá leiðin í Bása, niður Bröttufönn, Heljarkamb, Morinsheiði, Kattahryggi og skógi-vaxna stíga. Það er skemmst frá því að segja að ferðin gekk eins og í sögu, veðrið lék við okkur allan tímann, þrátt fyrir að veðurspáin hefði ekki verið spenn-



andi dagana áður. Hópurinn var einstaklega samstilltur og jákvæður sem breyttist ekkert þó svo að þau væru orðin ansi lúin þegar komið var niður í Bása, enda búin að ganga 25 km. Í Básum kom einn göngufélaginn okkur skemmtilega á óvart og bauð upp á pylsuveislu, áður en haldið var heim.

Þessi ganga heppnaðist einstaklega vel í góðum hópi nemenda og kennara. Að ganga yfir Fimmvörðuháls er mögnuð kennslustofa þar sem mjög fjölbreytt nám fer fram. Þar er nátt-

úran skoðuð og kryfjuð, hvernig skal bera sig að á fjöllum, reynt er á líkamlegt og andlegt þol og svo eflum við okkur saman í hóp. Sá lærdómur sem kannski er þó þýðingarmestur í svona kennslustofu er lærdómurinn um sjálfan sig og að leysa úr aðstæðum sem oft geta verið erfiðar og krefjandi. Myndir sýnir hópinn á toppi gígsins Magna sem dregur nafn sitt af syni Þórs þrumuguðs sem hann eignaðist með jötunmeynni Járnsöxu.

ábi / jöz

Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



LÓÐIR UNDIR ATVINNUHÚSNÆÐI, SALA Á BYGGINGARRÉTTI

Árborg auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir atvinnuhúsnæði á átta lóðum að Víkurheiði 3, 5, 13, 18, 19, 21, 20 og 22. Um er að ræða vel staðsettar lóðir á iðnaðar- og atvinnusvæði við Eyraveg sunnan Selfoss.

Leitað er að kaupþilboðum í lóðirnar frá aðilum sem hyggjast byggja upp atvinnustarfsemi á svæðinu. Svæðið er skilgreint sem athafnarsvæði og ætlað undir hreinlega atvinnustarfsemi. Yfirstandandi er deiliskipulagsbreyting á svæðinu sem áætlað er að ljúki í október næstkomandi.

Stærð lóðanna er frá 4.351 m² til 8.617 m². Á lóðunum er nýtingahlutfall 0,35 til 0,40 og má því byggja að hámarki 1.740 m² til 3.447 m² byggingar á þessum lóðum. Hámarks þakhæð er 15 m.



Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00 föstudaginn 29. September 2023. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðsgjöfum sent opnaryfirlit rafrænt.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Árborgar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



Úr maís- í pappírspoka

Pappírspokar munu koma í stað maíspokanna í flokkun á lífrænum úrgangi í Árborg þar sem maíspokarnir henta ekki í jarðgerð. Nefndin samþykkir að innleiða breytinguna, sem samþykkt var á fundi umhverfisnefndar Árborgar í vikunni, fyrir áramót.

Lífrænn úrgangur frá Árborg er í dag keyrður að mestu í GAJA, jarðgerðarstöð að Álfsnesi.

Í GAJA fer fram endurvinnsla á sérsöfnuðum lífrænum heimilisúrgangi. Lífræn efni sem skilað er til stöðvarinnar eru unnin í metangas og jarðvegsbæti eða moltu. Þar er ekki hægt að taka við maíspokum undir úrganginn og þarf því að skipta yfir í pappírspoka.

Á fundinum var að auki farið yfir staðsetningu grenndarstöðva og rætt um umgengni við þær. Sammæltist nefndin á að breyta staðsetningu grenndarstöðvarinnar á Eyrarbakka og mun ný stöð verða sett upp við Stað í kringum næstu mánaðamót



Mynd: Ormur Vífill Hængsson.

Dýraríkið flytur í stærra húsnæði

Dýraríkið á Selfossi flytur sig um set og mun næsta laugardag klukkan 10, opna í nýju húsnæði að Austurvegi 56, þar sem hestavöruverslunin Baldvin og Þorvaldur var áður til húsa. „Við erum þrælspennt að opna á nýjum stað, hitt húsnæðið var bara orðið of lítið fyrir allan þann fjölda af vörum sem við bjóðum uppá. Við vorum ekkert smá heppin að landa þessu húsnæði, það gæti ekki hentað

okkur betur og við hlökkum til að taka á móti viðskiptavinum okkar á nýjum stað,“ segir Axel Ingi Viðarsson einn eigandi Dýraríkisins í samtali við Dagskrána.

„Við erum með um 5000 vörur á skrá í versluninni og stendur til að auka enn við vöruúrvalið, en eftirspurn um gæludýravörur í sérvöruverslun hefur stórkostlegt undanfarið ár. Við sjáum það best á traffíkinni

á vefversluninni okkar, dýraríkið.is, þar sem má sjá allar vörur sem við höfum uppá að bjóða,“ bætir Axel við.

Í tilefni opunarinnar verður boðið upp á léttar veitingar og frábær opunartilboð í nýju versluninni á laugardag, auk þess að öll dýr sem mæta í heim-sókn verða leyst út með nammipoka.

HGL



Axel Ingi og Sæunn I. Sigurðardóttir verslunarstjóri eru á fullu við að standsetja nýja verslun Dýraríkisins fyrir opnunina. Mynd: Dagskráin/HGL

BRAC AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert **kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bilaspautun- Bilaréttir
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem *þagmennirnir vinna*

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppeahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland